

# Menntun kvenna og staða í þjóðfélaginu Ísland á Evrópumet í launamun kynjanna

## Stærsti fundur Íslandssögunnar

Fyrir tæpum tveimur árum söfnuðust tugþúsundir kvenna saman í miðborg Reykjavíkur til að minnast þess að 30 ár voru liðin frá kvennafrídegnum 24. október, 1975. Íslenskar konur voru ósáttar með stöðu sína og krafan var launajafnrétti kynjanna. Þær vildu þannig sýna fram á verðmæti vinnuframlags kvenna fyrir íslenskt atvinnulíf). Þá sló klukkan 14:08 en það var áætlaður sá tími er konur væru búnar að vinna fyrir launum sínum—miðað við hlutfallsleg laun kvenna af launum karla. Frá Skólavörðuholti var lagt af stað í kröfugöngu niður á Ingólfstorg undir slagorðinu „Konur höfum hátt.“

Svo mikil var ósin orðin á holtinu og Skólavörðustíg, í Bankastræti og Austurstræti að gangan varð að ryðja sér leið niður á Ingólfstorg þar sem útifundur hófst kl. 16. Talið er að allt að 50.000 manns hafi verið í miðbænum meðan á fundinum stóð, aðallega konur, en það er þriðjungur allra kvenna á landinu.

Fjölmiðlar sýndu Kvennafrídegnum mikla athygli og daginn eftir voru dagblöðin undirlögð af myndum og fréttum. Sjónvarpið var með beina útsendingu nær allan fundartímann og fréttir af viðburðinum birtust í þó nokkrum erlendum fjölmiðlum. En hvar eru konurnar nú?

## Kvennameirihluti í skólum

Nemendur í framhaldsskólum og háskólum landsins hafa aldrei verið fleiri en á haustdögum 2006. Tölur frá Hagstofu Íslands sýna ennfremur að konur eru umtalsvert fleiri en karlar meðal nemenda bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Síðustu tvo áratugi hefur nemendum á háskólastigi fjölgað mikið og árið 1984 voru konur í fyrsta sinn fleiri en karlar á þessu skólastigi. Konum í hópi nemenda hefur fjölgað hlutfallslega meira en körlum og staða kynja, hvað þetta snertir, því smám saman snúist við.

Af 44.129 nemendum á báðum skólastigum eru 25.447 konur á mótí 18.682 körlum. Þegar litið er til háskólanna eykst munur milli kynjanna enn frekar. Í háskólum landsins eru konur 62.6% nemenda en karlar 37.4%
--

## Kynjahlutfall HÍ

Þegar kynjahlutfall við Háskóla Íslands er skoðað sérstaklega kemur í ljós að 63,7% nemenda eru konur en 36,3% karlar. Konur eru nú fjölmennari í öllum deildum skólans nema í Verkfræðideild. Þar eru karlar 70%. Hjúkrunarfræðideild sker sig nokkuð úr en þar eru kvennemendur nánast allsráðandi. Jöfnust er skiptingin í Viðskipta- og hagfræðideild og lagadeildinni þar sem konur eru ríflega helmingur nemenda. Bilið breiðkar aðeins í raunvísindadeild, en þar eru konur tæplega 60% nemenda. Þegar litið er til samfélagsins er annað hlutfall uppi á teningnum. Konur virðast ekki vera að skila sér í stjórnenda- eða áhrifastöður í þjóðfélaginu í samræmi við þessar tölur. Skýring á þessu gæti, að hluta til, verið að íslenskur vinnumarkaður er

mjög kynskiptur. Konur eru því oft að keppa innbyrðis um stjórnunarstöður, til dæmis í umönnunargeiranum. Dr. Lilja Mósesdóttir prófessor í hagfræði segir þó fátt um svör sem byggja beint á rannsóknum. Hún bendir þó á að stjórnunarstöður í einkageiranum séu sjaldan auglýstar, sem geri konum erfitt að færa sig milli geira á vinnumarkaði. Eins hefur kærunefnd jafnréttismála gefið atvinnurekendum frítt spil hvað varðar kröfur sem hæfustu einstaklingarnir þurfa að uppfylla til að fá stöður. Lilja segir þetta þýða „að atvinnurekendur geti hagrætt fyrirfram starfskröfunum til að tryggja að karl úr tengslanetinu sé hæfastur.“

### Skráðir nemendur við Háskóla Íslands haustið 2006

	Konur	Karlar	Hlutfall kvenna í %
Félagsvísindadeild	1.824	582	75,8
Guðfræðideild	101	47	68,2
Hjúkrunarfræðideild	517	19	96,5
Hugvísindadeild	1.242	617	66,8
Lagadeild	327	294	52,7
Lyfjafræðideild	102	48	68
Læknadeild	320	178	64,3
Raunvísindadeild	548	396	58,1
Tannlæknadeild	53	22	70,7
Verkfræðideild	250	583	30
Víðskipta- og hagfræðid.	626	578	52

Hagstofa Íslands

### Menntunarstig mannfjöldans

Þegar litið er á menntunarstig fólks 25–64 ára frá árinu 2002, byggt á gögnum vinnumarkaðsrannsókna Hagstofunnar, kemur athyglisverð staðreynd í ljós. Kynin standa jöfn að vígi þegar kemur að háskólamenntun, fimmtungur kvenna og karla eru með þá menntun. Hlutfall karla með háskólamenntun er í kringum 22% hjá 25–54 ára en nokkuð lægra hjá 55–64 ára, eða 14%. Því yngri sem konurnar eru því hærra hlutfall þeirra er með háskólamenntun. Þetta kemur heim og saman við mikla sókn þeirra í háskólamenntun síðustu árin.

### Nýtt af nálinni?

Samfelld skráning brautskráninga af hálfu Hagstofunnar hófst skólaárið 1995/96. Árið 1985 útskrifaðist jafnt hlutfall kynjanna með háskólapróf, samkvæmt Hagtíðindum um Félags- heilbrigðis og dómsmál frá október 2005. Þetta var í fyrsta sinn sem jafnmargar konur og karlar voru útskrifuð með háskólapróf. Á þessum tíma voru háskólarnir tveir, Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands.

Konur hafa verið í meirihluta útskrifaðra nemenda frá háskólum samanlagt hér á landi frá því að Hagstofan hóf samfellda skráningu árið 1995. Af útskrifuðum nemendum með meistara- eða doktorsgráðu voru karlar framan af í meirihluta. Konur hafa þó verið í meirihluta útskrifaðra nemenda af meistarastigi síðan 1997 með einni undantekningu. Árið 2003 voru útskrifaðir 113 karlar en 104 konur með meistaragráðu. Kynjahlutfall útskrifaðra doktorsnema hefur verið jafnara frá 1995, en þar hafa karlar oftari verið í

meirihluta. Konum með doktorsgráðu frá íslenskum háskólum hefur þó fjölgað undanfarin ár.

#### Útskrifaðir nemendur úr Háskólum á Íslandi 2004 – 2005:

	Konur	Karlar	Samtals
Með fyrstu háskólagráðu	1479	705	2184
Viðbótarnám að lokinni fyrstu gráðu*	50	245	295
Meistaragráða	123	169	292
Doktorsgráða	7	7	14

\*Dæmi um þetta nám er t.d. nám til kennsluréttinda.

Hagstofa Íslands

#### Hinu megin við borðið

Upplýsingar um kynjahlutfall akademískra starfsmanna við Háskóla Íslands er nú að finna á heimasíðu skólans. Þessi nýja starfsmannaskrá er frá 1. desember 2006 og sýnir að akademískir starfsmenn skiptast þannig eftir kyni:

#### Fastir kennarar við H.Í.

	Konur	Karlar	Samtals
Aðjúnt	14	10	24
Lektorar	50	47	97
Dósentar	48	100	148
Prófessorar	34	160	194

Heimasíða Háskólans

Hér snúast hlutföll kvenna og karla nokkuð við. Þetta er að hluta hægt að skýra með framgangskerfi Háskóla Íslands þegar kemur að ráðningu akademískra starfsmanna. Kennarar eru fyrst ráðnir inn sem lektorar en verða síðan dósentar og að lokum prófessorar eftir ákveðinn tíma. Það verður því fróðlegt að fylgjast með þróuninni næstu ár, hvort hún verði í samræmi við kynjahlutfall útskrifaðra nemenda frá skólanum. Enginn launamunur er milli kennara við HÍ kennurum þar sem launakerfið er gagnsætt.

#### Hlutur kvenna eykst

Ný skýrsla um „fjöldatölur og hlutfall kynjanna hjá Háskóla Íslands 1997 og 2007,“ sýnir að hlutfall kvenna er að aukast í háskólasamfélaginu. Aðalfulltrúar Háskólaráðs eru tíu og þar sitja nú sex konur en fjórir karlar. Hlutur kvenna er einnig að aukast hægt og bitandi í nefndum Háskólaráðs. Þar hefur þeirra hlutur aukist úr þrettán prósentum í 29% á síðastliðnum tíu árum. Hlutur kvenna í formennsku nefnda háskólaráðs við Háskólann hefur einnig aukist úr átján í 55% og konur eru nú 36% deildarforseta við skólann. Þessar tölur endurspeglar þó engan veginn kynjahlutfall nemenda við skólann. Yfirlýst jafnréttisstefna er við líði í Háskólanum. Þar er í gildi skipulögð jafnréttisáætlun varðandi jafnrétti kynjanna sem segir að jafnréttissjónarmiða eigi að gæta á öllum sviðum háskólastarfsins. Þessi þróun, að viðbættu gagnsæju launakerfi, ætti að stuðla að bættum hag kvenna innan veggja skólans á komandi árum.

#### Þekking er vald?

En leiðir langskólamenntun kvenna til jafnréttis kynjanna? Er „aðeins tímaspursmál hvenær konur ráða lögum og lofum í samfélaginu?“ Þessari spurningu velta Þorgerður Einarsdóttir, Dósent í kynjafræði við Háskóla Íslands, og Berglind Rós Magnúsdóttir, Uppeldis- og menntunarfræðingur og doktorsnemi við H.Í., fyrir sér í greininni *Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum*. (Kynjamyndir í skólastarfi, 2005). Þær benda á „kynbundið námsval á háskólastigi og mismunandi virðingar- og valdastöðu karla- og kvennagreina.“ Jafnvel þó að konur séu nú fleiri í öllum deildum Háskóla Íslands þá segja Þorgerður og Berglind Rós að „afkastur menntunar sé ekki sá sami fyrir konur og karla. Menntun skilar konum ekki sambærilegri stöðu eða kjörum á vinnumarkaði og körlum.“ Konur hafa til að mynda verið meiri en helmingur útskrifaðra nemenda úr viðskiptafræði í yfir tíu ár, en eru afar fáséðar í stjórnnum og ráðum í fjármálaheiminum. Varðandi konur í læknisfræði segja þær „framgangshrað[ ] kvenna í læknastétt sýni að þrátt fyrir að konur reynist hafa marktækt hærrí einkunn en karlar á lokaprófi úr læknadeild síðastliðin 20 ár er hlutfall þeirra í yfirmannastöðum á Landspítala – Háskólasjúkrahúsi að jafnaði þrefalt lægra en karla.“ Þorgerður og Berglind Rós sýna að þegar staða kynjanna í framhaldsskólum og háskólum er sett í samhengi við völd og áhrif kynjanna í samfélaginu kemur í ljós að viðmið, menning og gildismat er sniðið að körlum fremur en konum. Ein af ástæðum þess að konum gengur hægt að ná frama innan Háskólanna sé að „vísindin og aðferðir þeirra voru til staðar áður en konur fengu aðgang að vísindasamfélaginu og þær hafa þurft að tileinka sér þann arf.“ Menntun virðist því ekki duga til – hugarfarsbreytingu þarf til að efla jafnrétti.

### **Konur og pólitik**

Konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt til Alþingis árið 1915, en fullan rétt á við karla árið 1920. Fyrsta konan tók sæti á þingi árið 1922. Næstu fimm áratugi var fjöldi kvenna á þingi aðeins ein, tvær eða engin. Árið 1971 voru þrjár konur kjörnar (5%) og þeim fjölgaði ekki aftur fyrr en árið 1983 er níu konur voru kjörnar, sem svaraði til 15% þingmanna.

Hlutfall kvenna meðal þingmanna fór svo hækkandi fram til ársins 1999 þegar 22 konur voru kjörnar, 35% þingmanna. Í kosningunum 2003 fækkaði þingkonum í 19 og hlutfall þeirra af þingmönnum fór niður í 30%. Karlar skipa því enn mikinn meirihluta þingsæta. Konum fjölgaði hlutfallslega meira meðal frambjóðenda en kjörinna fulltrúa á tímabilinu 1963–2003, eða úr 8% frambjóðenda árið 1963 í 50% árið 1995. Það ár voru konur 25% kjörinna fulltrúa. Árið 2003 voru konur 42% frambjóðenda og 30% kjörinna fulltrúa.

### **Ekkert samræmi**

Pólitísk völd kvenna eru í engu samræmi við völd karla og það hefur ekki breyst með hækkandi menntunarstigi kvenna. Í Alþingiskosningunum árið 2003 buðu sjö stjórnmalaflokkar og stjórnmalaoöfl fram lista með frambjóðendum og fengu fimm þeirra kjörna fulltrúa á þing. Karlar voru í meirihluta frambjóðenda hjá öllum þessum aðilum og einnig meðal kjörinna fulltrúa þeirra. Hluttur kvenna meðal frambjóðenda var hæstur hjá Samfylkingunni 48% og einnig meðal kjörinna þingmanna eða 45%. Tölur voru svipaðar hjá Vinstri hreyfingunni - grænt framboð en lægri hjá öðrum flokkum.

### **Konur í sveitarstjórnnum**

Konur öðluðust kosningarétt til sveitarstjórna á landinu öllu árið 1909 en fyrstu áratuginu fór lítið fyrir beinni þátttöku þeirra á þeim vettvangi. Árið 1950 voru sjö konur kosnar til setu í sveitarstjórnnum og rúmlega 1.100 karlar, konur voru því innan við 1%. Þrjátíu árum síðar var hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum orðið tólf% en 22% árið 1990. Hlutfall kvenna var hæst í síðustu kosningum árið 2006 eða 32%. Kjörnir sveitarstjórnarmenn í landinu eru alls 628, þar af 429 karlar, eða 68%, og 199 konur, eða 32%.

Oddvitar í sveitarstjórnnum eru 98, þar af eru karlar 73 og konur 25. Konur eru í meirihluta sveitarstjórnarmanna í tíu sveitarfélögum á landinu en í sjö sveitarfélögum er engin kona meðal sveitarstjórnarmanna.

### **Stjórnir, nefndir og ráð**

Hluttur kvenna í stjórnnum, nefndum og ráðum ríkisins var þrjú% árið 1970, og karla 97%. Rúmlega 30 árum síðar eða 2001–2003 var hlutfall kvenna 29%. Árin 2001–2003 voru 1.014 konur og 2.519 karlar í nefndum hins opinbera. Karlar voru í meirihluta nefndarmanna í öllum ráðuneytum. Alls eru ráðuneytisstjórnar þrettán talsins. Til skamms tíma var ein kona í þeim hópi en þeim fjölgaði í tvær í september 2004.

### **Konur í meirihluta**

Eftir kosningarnar 1999 var ríkisstjórnin skipuð þremur konum og níu körlum og fjórum konum og átta körlum við lok ársins þegar ráðherraskipti fóru fram. Í ríkisstjórn sem skipuð var að loknum kosningum sumarið 2003 sátu þrjár konur og níu karlar á ráðherrastóli við þingslit 2007 voru konurnar fjórar og karlarnir átta. Alls hafa tíu konur gegnt starfi ráðherra hér á landi.

Enn í dag þykir það merkisfrétt að konur séu í meirihluta ráðherra í ríkisstjórn lands en það er staðan í Finnlandi í dag. Ísland skartaði reyndar fyrsta kvenforseta heims, en síðan eru liðin mörg ár. Af 63 alþingismönnum á síðasta kjörtímabili voru 23 konur en 40 karlar. Menntun kvenna virðist ekki vera að skila sér á Alþingi Íslendinga.

### **Atvinnuþátttaka breytist**

Á sama tíma og atvinnuþátttaka karla hefur verið nokkuð stöðug undanfarna áratugi eða um 90% hefur atvinnuþátttaka kvenna tekið miklum breytingum. Tölurnar eru ekki algjörlega sambærilegar en gefa vísbendingar um þróunina. Árið 1920 var atvinnuþátttaka kvenna 35%. Stóra stökk kvenna varð síðan á milli 1960 og 1980 en á því tímabili má heita að atvinnuþátttaka þeirra hafi tvöfaldast, fór í 65% 1981. Hún hélt áfram að aukast og var komin í 75% árið 1991 og í 78% árið 2003. Það ár var atvinnuþátttaka karla 86%.

### **Íslenskur vinnumarkaður**

Atvinnuþátttaka fólks á vinnumarkaði er einna mest á aldrinum 25–54 ára eða 88% meðal kvenna og 97% meðal karla. Atvinnuþátttaka kvenna á þessum aldri ræðst að nokkru leyti af fjölda barna og aldri yngsta barns á heimili. Atvinnuþátttaka karla 25–54 ára virðist hinsvegar aukast eftir því sem fleiri og yngri börn eru á heimilinu. Venjulegur vinnutími kvenna á aldrinum 25–54 ára var 36 stundir að meðaltali árið 2002 og minnkaði eftir því sem fleiri og yngri börn voru á heimilinu. Vinnutíminn var heldur lengri, eða 38 stundir, þar sem

ekkert barn var á heimilinu. Þessu er öfugt farið hjá körlum. Venjulegur vinnutími hjá 25–54 ára körlum var í heild 50 stundir, 52 stundir ef börn voru á heimili en 48 stundir ef ekkert barn var til staðar.


### Konur í fullt starf

Konur í fullu starfi á vinnumarkaðnum fer fjölgandi. Hlutfall kvenna í fullu starfi af starfandi konum hækkaði úr 52% tímabilið 1991–1995 í 63% árið 2003. Um leið lækkaði hlutfall þeirra sem voru í hlutastarfi úr 48% í 37%. Þorri karla hefur jafnan verið í fullu starfi eða 88–90% á árunum 1991–2003. Vinnutími karla á vinnumarkaði er lengri en kvenna. Árið 2003 unnu karlar alls 47 stundir á viku að meðaltali en konur 36 stundir. Vinnustundum kvenna hefur fjölgað um tvær en karla fækkað um þrjár frá 1991–1995. Konur í fullu starfi unnu að meðaltali í 43 stundir árið 2003 og karlar í 49 stundir.

### Kynskiptur vinnumarkaður

Vinnumarkaðurinn er enn kynskiptur. Þetta kemur fram þegar skipting kynja eftir atvinnugreinum og starfsstéttum er skoðuð. Störf eru flokkuð í níu megin starfsstéttir (ISTARF95).

Karlar vinstri hluti og konur hægri hluti:



Hagstofa Íslands

### Karla- og kvennastéttir

Árið 2003 unnu 3% starfandi kvenna og 10% karla við landbúnað og fiskveiðar, 11% kvenna og 32% karla störfuðu í iðnaði en meginþorri kvenna

eða 87% störfuðu við þjónustu samanborið við 58% karla. Undir iðnað fellur m.a. fiskvinnsla þar sem jafnstór hluti starfandi kvenna og karla vann. Innan þjónustugreina er heilbrigðis- og félagsþjónusta þar sem yfir fjórðungur kvenna á vinnumarkaði starfaði árið 2003 samanborið við 4% starfandi karla. Þá unnu 11% kvenna og 5% karla við fræðslustarfsemi.

Segja má að skrifstofufólk sé kvennastétt (87%) en véla- og vélgæslufólk (95%) og sérhæft iðnaðarstarfsfólk (86%) karlastéttir. Konur eru fjölmennari í störfum þjónustu- og verslunarfélags (65%) en karlar eru hins vegar í meirihluta meðal bænda og fiskimanna (80%) og stjórnenda og embættismanna (67%). Jafnari kynjaskipting er meðal sérfræðinga, sérmenntaðra og ósérhæfðs starfsfólks.

### **Valdastörf og konur**

Þrátt fyrir að atvinnuhlutfall og menntunarstig kvenna hafi aukist til muna undanfarin ár hafa konur ekki skilað sér í áhrifastöður í þjóðfélaginu.

Árið 1986 var kona í fyrsta sinn skipaður hæstaréttardómari hér á landi. Árið 2001 fjölgaði konum í hæstarétti í tvær. Í árslok 2006 sátu níu dómara í hæstarétti, tvær konur og sjö karlar. Á sama tíma voru tíu konur og 28 karlar dómara hjá héraðsdómstólunum átta.

Ekki verður hlutur kvenna meiri þegar litið er til stöndugustu fyrirtækja landsins. Í Úrvalsvisitölu Kauphallar Íslands eru fimmtán félög. Í júní 2004 voru 87 manns í stjórnum þessara félaga, 85 karlar og tvær konur sem svarar til 2,3% stjórnarmanna.

Þrátt fyrir að konum við löggæslu fari fjölgandi þá störfuðu einungis 75 konur í lögreglunni árið 2003 en 728 karlar. Hlutfall kvenna er hér rétt rúm 9%. Árið 2001 var þetta hlutfall 7% og rúm 4% árið 1997, samkvæmt upplýsingum á vef ríkislögreglustjóraembættisins.

Nú sem fyrr gegna karlar störfum biskupa. Hins vegar fer konum fjölgandi í hópi þjónandi presta og voru fjórðungur þeirra í júní 2004 en 18% presta árið 1997. Í kirkjuráði sitja tvær konur og þrjú karlar en á kirkjuþingi sjö konur og átján karlar.

Þegar litið er til fjórðavaldsins þá voru konur þriðjungur félagsmanna í Blaðamannafélagi Íslands og Félagi fréttamanna árið 2003. Konum hefur fjölgað umtalsvert undanfarin tuttugu ár en karlar eru nú sem fyrr í miklum meirihluta.

### **Meiri menntun – meiri launamunur**

Dr. Lilja Mósesdóttir prófessor í hagfræði við Háskólann á Bifröst hefur rannsakað launamun kynjanna en í slíkum rannsóknum hefur margsinnis verið sýnt fram á launamun sem skýrist eingöngu af kynferði. Lilja segir ástæðurnar margar, ein sé mikil atvinnuþátttaka ófaglærðra kvenna sem starfa við grunnþjónustu. Sérhæfðar, menntaðar konur eigi þó ekki von á góðu heldur í stjórnunarstöðum í einkageiranum, þar sem launamunur kynjanna er mikill.

Lilja segir „Launaleynd algeng[a] meðal stjórnenda og hún þýði að atvinnurekendur og launafólk haf[i] ekki sömu upplýsingar um þau laun sem verið er að greiða fyrir viðkomandi starf eða sambærileg störf. Það eru því miklar líkur á því að einstaklingur sem tilheyrir hópi sem fær almennt greidd lægri laun í samfélaginu eins og t.d. konur vanmeti launin sem í boði eru og krefjist of lágra launa. Atvinnurekandi þarf að gæta aðhalds í rekstrinum og

Því er mjög freistandi að samþykkja eða bjóða of lág laun, sérstaklega þegar launaleynd tryggir að ekki komist upp um samningana.“

### **Skilaði baráttan einhverju?**

Í kjölfar kvennaársins 1975 var gerð könnun á launamun kynjanna sem leiddi í ljós að konur í þéttbýli höfðu að meðaltali 45% af launum karla. Nú, rúmum 30 árum síðar, hafa þær að meðaltali um 65% af launum karla þótt þær hafi bætt við sig menntun og lengt vinnudaginn. Með þessu áframhaldi verður launabilinu útrýmt um mitt ár 2057! Meðallaun segja ekki allt en þau spegla þá staðreynd að konur standa ekki jafnfætis körlum, segir Lilja.

### **Konur í láglauastörfum**

Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur og líklegt að svo verði áfram að sögn Lilju. Konur vinna láglauastörf í mun ríkara mæli en karlar. Stór hópur kvenna vinnur brýn störf, eins og kennslu barna, en þau eru illa launuð burt séð frá ábyrgðinni og aukinni kröfu um menntun. Hluti kvenna vinnur líka hlutastörf til að geta sinnt börnum sínum. Lilja spyr hvers vegna ábyrgðarhluti þeirra sé meiri en feðranna? Niðurstaðan sem hún fær felst að miklu leyti í launamuni kynjanna. Hluti kvenna er heimavinnandi, af hverju ekki feðurnir? Svárið er það sama. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt að hér á landi er 7-15% kynbundinn launamunur, sem verður einungis skýrður með kynferði.

### **Launamunur kynjanna mestur á Íslandi**

Launamunur kynjanna er meiri á Íslandi en í aðildarríkjum Evrópusambandsins, ESB, samkvæmt rannsóknum Lilju. Árið 2004 var launamunur karla og kvenna mælt sem meðallaun á klukkustund 28% á Íslandi en 15% að meðaltali í ESB. Staðan hefur lítið breyst undanfarin ár. Launamunur kynjanna á Íslandi var á bilinu 28-31% á árunum 1998-2004 og var öll árin mestur hér á landi samanborið við aðildarlönd ESB.

### **Ástæður launamunar**

Lilja segir veika jafnréttislöggjöf skýra þennan launamun að hluta. Launamunur karla og kvenna sé mestur meðal starfsstétta sem eru mjög kynskiptar og í einkageiranum þar sem einstaklingssamningar eru algengir.

Atvinnupátttaka kvenna á Íslandi er meiri en hjá Suður-Evrópskum konum, en þar er launamunurinn mun minni. „Á Íslandi er hlutfall ófaglærðra kvenna á vinnumarkaði hátt og flestar þessar konur eru í láglaua umönnunar- og þjónustustörfum sem kynsystur þeirra í Suður-Evrópu sinna utan vinnumarkaðarins eða inni á heimilunum,“ segir Lilja.

Ennfremur sé launamunur kynjanna yfirleitt meiri í starfsstéttum þar sem ríkir launaleynd. Launaleynd kemur í veg fyrir frjálsa samkeppni á vinnumarkaði þar sem fyrirtæki og launafólk hafa ekki sömu upplýsingar. Launaleyndin í einkageiranum á Íslandi er sem dæmi bönnuð með lögum í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð.

Þriðju skýringuna segir Lilja vera vanmat á hefðbundnum „kvenastörfum,“ (endurtekning) það sé meira vandamál hér á landi en á hinum Norðurlöndunum, þar er launamunurinn mestur meðal stjórnenda og sérfræðinga, eða í störfum sem krefjast mikillar menntunar.

### **Framtíðarhorfur**

Er Ísland að feta í sömu spor? Margt bendir til að vaxandi launamunur innan og milli starfsstétta verði konum í óhag, að mati Lilju. Aukin menntun kvenna þýðir að fleiri konur komast í stjórnunarstöður, þar sem launadreifingin er mikil og fer vaxandi. Launamunur kynjanna eykst þegar konum fjölgar í stjórnunarstörfum því störf kvenna eru yfirleitt neðarlega í launadreifingu þessa hóps. Dæmi um þessa þróun er að finna í Svíþjóð og Finnlandi. Tölur frá meðal annars Hagstofu Íslands benda til þess að ávinningur þeirra kvenna sem hafa klifrað upp launastigann á undanförunum árum hafi að einhverju leyti verið eytt af konum sem hafa dottið niður launastigann.

### **Úrlausnir**

Lilja telur brýnt að endurskoða núverandi jafnréttislöggjöf og færa laun í hefðbundnum kvennastörfum til samræmis við laun í hefðbundnum karlastörfum. Samfélagslegur kostnaður sé mikill vegna tíðra verkfalla og flóttu menntaðs vinnuafis úr störfum sem tengjast umönnun og kennslu. Setja þarf töluleg markmið til að draga úr launamun kynjanna næstu fimm árin.

### **Langhlaup í launajafnrétti**

Konur bíða enn eftir þeim sólskinsdegi þegar launamisrétti á íslenskum vinnumarkaði heyri sögunni til. Hefðbundin kvennastörf verða þá metin til jafns á við hefðbundin karlastörf. Dagurinn þegar menntakonan fetar sín fyrstu spor á framabrautinni þar sem framlag hennar er metið að verðleikum. Þangað til sá dagur rennur upp heldur baráttan áfram.

Berglind Eir Magnúsdóttir, bem4@hi.is  
Bryndís E. Jóhannsdóttir, bej3@hi.is  
Sigríður Ómarsdóttir, sio15@hi.is